

Nr. 089 / 09 Gola BA 82***Vélarbilun og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 5940
Smíðaður: Reykjavík 1978, plast
Stærð: 2,55 brl. 3,01 bt.
Mesta lengd: 6,8 m *Skráð lengd:* 6,7 m
Breidd: 2,16 m *Dýpt:* 0,93 m
Vél: Bukh Diesel 15 kw, 1978
Fjöldi skipverja: 2



Gola©Eigandi

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júlí 2009 var Gola BA 82 á handfæraveiðum (strandveiðum) á Breiðafirði. Veður: A 4-6 m/sek.

Bátsverjar höfðu verið á á veiðum við Glænef vestan Sauðeyja og var báturinn á reki. Þegar ræsa átti vélin virkaði startarinn ekki. Óskuðu þeir eftir aðstoð hjá nærstöddum bát, Ljúf BA 303, sem tók Golu BA í tog til hafnar á Brjánslæk.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn var úr gamalli vél og átti að vera uppgerður. Ekki fengust upplýsingar um hvað hefði bilað í honum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.